

1. Almenn

Háafell ehf., kt. 520199-3149, Hnífsdalsbryggju, 410 Hnífsdal, er með 7.000 tonna rekstrarleyfi (FE-1106) til sjókvíaeldis á 6.800 tonna lífmassa af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski í Ísafjarðardjúpi. Fyrirtækið hefur nú sótt um nýtt rekstrarleyfi fyrir 6.800 tonna hámarkslífmassa á frjóum og ófrjóum laxi í Ísafjarðardjúpi.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Ísafjarðardjúps er metið 30.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 12.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í firðinum utan línu sem liggur frá Ögurnesi að Æðey og Hólmasundi.

Um er að ræða rekstrarleyfi Háafells ehf. sem heimila hámarkslífmassa fyrir samtals 6.800 tonn af frjóum og ófrjóum laxi á hverjum tíma. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi ber Matvælastofnun að gefa út aðskilin rekstrarleyfi þegar umsóknaraðili hyggst vera með eldi á bæði frjóum og ófrjóum laxi. Háafell mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á frjóum og ófrjóum laxi á 10 staðsetningum í Ísafjarðardjúpi, sbr. framlagða eldisáætlun. Sjókvíaeldissvæði A inniheldur eldissvæðin Álfafjörður, Innra Kofradýpi, Ytra Kofradýpi og Seyðisfjörð, sjókvíaeldissvæði B inniheldur eldissvæðin Bæjarhlíð og Kaldlón, Sjókvíaeldissvæði C inniheldur eldissvæðin Biskupsvík, Hamrar og Vatnsfjarðarnes, Sjókvíaeldissvæði D inniheldur eldissvæðið Skötufjörður. Ekki verður heimilt að ala frjóan lax á sjókvíaeldissvæðum B og C.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 9. mars til 3. apríl 2021 og þrjár athugasemdir bárust vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Háafell sendi matsskýrslu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar þann 4. maí 2017 og gaf Skipulagsstofnun út álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 3. apríl 2018. Háafell gerði athugasemd við afgreiðslu Skipulagsstofnunar og benti á að fyrirtækið áformaði að leggja fram frekari upplýsingar um framkvæmdina. Að ósk Háafells dró Skipulagsstofnun álitid til baka þann 4. apríl 2018. Þann 24. júlí 2020 sendi Háafell matsskýrslu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar og óskaði að nýju eftir áliti stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun gaf út álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 22. desember 2020.

Í samræmi við 6. gr. a og b er fyrirhuguð útgáfa rekstrarleyfis byggð á áhættumati erfðablöndunar sem staðfest var af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þann 5. júní 2020 og burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar, gefið út 10. mars 2017. Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var ítarlega um eftirfarandi valkosti: núllkost, landeldi, lokaðar sjókvíar, staðsetning kvía, umfang eldis, eldisferill, eldistegund, eldi frjós lax allt að 6.800 tonn og eldi ófrjós lax allt að 6.800 tonn. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2.2 Eðlisþættir sjávar og burðarþol

Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að á eldissvæðum geti orðið neikvæð áhrif á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum, vegna úrgangs frá eldinu og að styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum. Burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar fyrir Ísafjarðardjúp er 30.000 tonna lífmassi í eldi og í álitinu kemur fram að lagskipting sjávar varir í stuttan tíma ár hvert og að súrefnismettun sé almennt yfir 80%, auk þess sem botnstraumar séu almennt sterkir en þó veikari og óreglulegri innan við Æðey. Fyrir liggur að Háafell verður með 6.800 tonna eldi í Ísafjarðardjúpi en auk þess er Hábrún með 700 tonna eldi á regnbogasilungi og Arctic Sea Farm með 5.300 tonna eldi á regnbogasilungi. Þá liggja fyrir umsóknir hjá Matvælastofnun um rekstrarleyfi fyrir 10.000 tonna eldi hjá Arnarlax og 10.100 tonna eldi Arctic Sea Farm (5.300 tonna rekstrarleyfið myndi falla úr gildi við útgáfu þess). Verði að áformum allra eldisfyrirtækja mun heildarlífmassi í Ísafjarðardjúpi verða 27.600 tonn sem rúmast innan burðarþols. Matvælastofnun telur að hafstraumar og þynningaráhrif af þeirra völdum geri það að verkum að óverulegar líkur séu á staðbundinni ofauðgun sjávar en með vöktun samkvæmt vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar sé áhættan takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við, m.a. með minnkaðri fóðrun eða hún stöðvuð tímabundið. Áhrifin verði því tímabundin og afturkræf.

2.3 Lífrænt álag og botndýralíf

Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að miklar breytingar muni verða á botndýralífi undir sjókvíum, sem þó færast líklega í svipað ástand á ný ef nægileg hvíld verður á uppsöfnun lífrænna leyfa eða ef uppsöfnun hættir alfarið. Því geti áhrif orðið talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin verði staðbundin, ráðist af umhverfisaðstæðum á hverjum stað og verði afturkræf að hluta eða alveg verði eldinu hætt. Matvælastofnun telur mikilvægt að eldissvæði séu hvíld milli eldislota samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar ásamt því að tilhögun eldis verði stýrt af raunástandi botndýralífs.

2.4 Laxastofnar

Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji áhrif fyrirhugaðs eldi Háafells og samlegðaráhrif annars eldis á Vestfjörðum verði óveruleg á laxastofna í þeim ám sem áhættumatið tekur til en sé horft til allra laxastofna á Vestfjörðum telur stofnunin að óvissu gæti um samlegðaráhrifin, þau gætu orðið talsvert eða verulega neikvæð ef viðbrögðum við stroki er ábótavant. Því telur stofnunin mikilvægt við veitingu rekstrarleyfis að vel sé hugað að aðgerðum sem eru til þess fallnar að lágmarka líkur á neikvæðum áhrifum á villta laxastofna. Þegar litið er til samlegðaráhrifa þá er burðarþol á Vestfjörðum 82.500 tonn og áhættumat erfðablöndunar 64.500 tonn. Útgefin rekstrarleyfi í sjókvíaeldi á Vestfjörðum er fyrir 55.500 tonnum, þar af 48.300 tonn af frjóum laxi þegar rekstrarleyfi Háafells eru talin með. Umsóknir liggja fyrir eldi á 24.100 tonnum af laxi á Vestfjörðum, þar af 20.100 í Ísafjarðardjúpi.

Skipulagsstofnun telur að við veitingu rekstrarleyfis þurfi að setja skilyrði er varða notkun ljósastýringar, að seiði verði ekki sett út undir 150g að þyngd og að stærð netmöskva verði aðlöguð að stærð seiðanna til varnar stroki, eldisbúnaður verði vaktaður m.t.t. hættu á stroki ásamt viðbrögðum, ástand netapoka verði kannað eftir ofsaveður og að rekstraraðilar skili inn þeim gögnum til Hafrannsóknastofnunar sem stofnunin óski eftir að fá. Matvælastofnun bendir á að skilyrði um notkun ljósastýringar, seiðastærð og möskvastærð kemur fram í rekstrarleyfi, þar með talið að ekki verði sett út minni léttari seiði en 150g. Rekstrarleyfishöfum er skylt að skila inn gæðahandbók fyrir útgáfu rekstrarleyfa sem er yfirfarin í reglubundnu eftirliti fiskeldisfyrirtækja. Samkvæmt viðauka III í reglugerð 540/2020 skal þjálfar starfsmenn fiskeldis m.a. í vörnum og viðbrögðum gegn stroki. Að auki skal vera viðbragðsáætlun um stök og tjón á búnaði, auk viðbragðsáætlunar vegna fárviðris. Þar skal koma fram markmið, ábyrgð, framkvæmd, tíðni eftirlits, viðmiðanir, úrbætur og skráning. Hvað varðar gögn sem Hafrannsóknastofnun þarf að berast þá fær Matvælastofnun, samkvæmt viðauka II í reglugerð nr. 540/2020, sendar ítarlegar framleiðsluskýrslur mánaðarlega fyrir sjókvíaeldi. Hafrannsóknarstofnun getur óskað eftir aðgangi að gögnum hvenær sem er.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis þó þannig að ávallt verði þess gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að nýtingu þeirra sé ekki ekki stefnt í hættu. Í löggjöf um fiskeldi hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu

sem kann að stafa af fiskeldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og er sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi og til verndunar á villtum laxastofnum friðað tiltekin svæði og bannað eldi laxfiska í sjókvíum sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsingu nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

2.5 Fisksjúkdómar og laxalús

Skipulagsstofnun vísar til umsagna Matvælastofnunar sem bárust við umhverfismatsferlið um að litlar líkur séu á að fyrirhugað eldi framkvæmdaraðila komi til með að bera bakteríu- eða veirusmit yfir í villta laxfiska í vistkerfi Ísafjarðardjúps. Áhrif framkvæmdarinnar á villta fiska með tilliti til sjúkdóma af völdum örvera séu því metin óveruleg. Matvælastofnun hefur bent á að áhætta af dreifingu sjúkdóma, annarra en laxalús, úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi lítil, jafnvel þó fiskur sleppi. Mesta hættan við dreifingu sjúkdóma sé bundin við smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smituðum eldisfiski, en bendir jafnframt á að þar séu aðrir eldisfiskar í mestri hættu líkt og í öðrum hjarðbúskap þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði. Það er því brynt að eldisstöðvar hafi yfir öflugum smitvörnum að ráða og innra eftirliti og forvörnum sé sinnt í takt við lögbundnar kröfur um fiskeldi.

Matvælastofnun telur að áratuga reynsla hafi sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofnum og að ekki sé óalgengt að dulið og náttúrulegt smit örvera sé til staðar í villtum stofnum án þess að sjúkdóms verði vart með klínískum einkennum. Þannig hafi þekktir og alvarlegir veirusjúkdómar, s.s. blóðþorri (ISA), brisdrep (IPN), brisveiki (PD), hjartarof (CMS), veirublæði (VHS), hjarta- og vöðvabólga (PRV/HSMI) og iðradrep (IHN), ekki sést í klínískri mynd í náttúrulegu umhverfi, jafnvel þó að dulið veirusmit leynist í hjörðinni. Þó eru dæmi um að bakteríusýkingar hafi komið upp sem klínískur sjúkdómur og ollið tímabundnum búsíffjum í ám. Má af því tilefni vísa til kýlaveikinnar sem kom upp í Elliðaánum síðla sumars 1995. Þess má geta að kýlaveiki (af völdum *Aeromonas salmonicida* spp. *salmonicida*) hefur ekki komið upp í íslensku fiskeldi og þótti á sínum tíma ljóst að smit í Elliðaárnar hefði borist með villtum laxi frá fæðustöðvum í hafi. Slíkir atburðir eru einnig þekktir erlendis, en það sem er sameiginlegt með þessum tilfellum er að þau eru tímabundin og afturkræf. Í ljósi þessa vill Matvælastofnun undirstrika að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk er hverfandi lítil og áhrif framkvæmdarinnar því óveruleg.

Þá nefnir Skipulagsstofnun að með hliðsjón af reynslu síðustu ára að líklegt sé að laxalús og fiskilús eigi eftir að koma reglulega upp í eldi Háafells í Ísafjarðardjúpi. Umfang smits muni þó hverju sinni ráðast af umhverfisskilyrðum og virkni mótvægisáðgerða. Skipulagsstofnun telur því líklegt að fyrirhugað eldi komi til með að auka laxalúsaálag á þá stofna laxfiska sem finna má í firðinum. Stofnunin telji því áhrif af völdum laxalúsar og fiskilúsar geti orðið nokkuð neikvæð á villta laxfiskastofna í firðinum í heild sinni og að líklegt sé að áhrifin verði breytileg frá ári til árs og velti á umfangi smits í eldiskvíum hverju sinni, sérstaklega að vori og snemmsumars. Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hætta á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Reynslan hefur einnig sýnt að sjávarhiti á Vestfjörðum að vori er mjög óhentugur fyrir viðkomu laxalúsar og það dregur úr líkum á að útgönguseiði verði fyrir neikvæðum áhrifum á leið sinni til sjávar. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að vakta og meta lúsasmit á þeim árstíma þegar aðstæður eru hvað hagstæðastar lúsinni og bendir á að fram kemur í 49. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi að innra eftirlit sjókvíaeldistöðvar skuli m.a. fela í sér vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem koma fram í viðauka. Niðurstöður vöktunar skulu sendar Matvælastofnun sem metur hvort og þá hvaða aðgerða er þörf vegna sníkjudýra í eldinu. Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Niðurstöður vöktunar eru birtar opinberlega í Mælaborði fiskeldis á vef Matvælastofnunar.

Laxa- og fiskilús eru tilkynningarskyld í reglugerð nr. 52/2014 um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma. Verði sjókvíaeldisstöð vör við vaxandi lúsasmit skal það tilkynnt Matvælastofnun sem í kjölfarið metur og ákvarðar viðbrögð út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með faglegri aðkomu fisksjúkdómanefndar og Hafrannsóknastofnunar. Matvælastofnun staðfestir að viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir sem fram koma í matsskýrslu fyrirtækisins séu fullnægjandi. Í rekstrarleyfi Matvælastofnunar eru sett skilyrði um að rekstrarleyfið sé bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis, skv. 19 gr. reglugerðar nr. 540/2020. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Slík ráðstöfun er mikilvægur þáttur í að tryggja a.m.k. 90 daga hvíldartíma svæða m.t.t. þekktra sjúkdómsvalda.

2.6 Veiðar í Ísafjarðardjúpi

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að útbreiðsla rækju hefur að mestu takmarkast við Mjóafjörð og Ísafjörð í Ísafjarðardjúpi síðastliðin ár og því megi gera ráð fyrir að fyrirhuguð eldissvæði Háafells í Mjóafirði komi mest til með að takmarka aðgengi rækjuveiðibáta. Áhrif lífræns úrgangs frá eldi á dreifingu rækju er óljós en mögulegt að hún leiti í fóðurleifar eftir fæði en einnig mögulegt að hún hörfi ef afræningjar sæki inn á eldissvæðið í leit að æti. Þá geti aðgengi rækjubáta verið takmarkað en hafa ber í huga að eldissvæði eru töluvert stærri að flatarmáli en þær eldiskvíabyrpingar sem verða í notkun hverju sinni og því mögulegt að stunda veiðar innan eldissvæða svo lengi sem fjarlægð frá jaðri sjókvíaeldisstöðvar sé a.m.k. 100m. Fyrir liggur að Háafell er reiðubúið að hliðra til og flytja eldissvæði ef fiskeldið hamlar rækjuveiðum. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á að notkun aflúsunarlyfja geti haft neikvæð áhrif á rækjustofna og telur að ekki ætti að nota slík lyf í nágrenni við svæði þar sem rækja finnst. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið Skipulagsstofnunar að ítrekuð notkun vissra lúsalyfja geti mögulega haft neikvæð áhrif á staðbundna rækjustofna Ísafjarðardjúps, ekki síst í ljósi samlegðaráhrifa með öðru laxeldi í Djúpinu. Þá tekur Matvælastofnun undir sjónarmið Skipulagsstofnunar og Hafrannsóknastofnunar um notkun slíkra lúsalyfja sem mögulega geta valdið áhrifum á þeim sjókvíaeldissvæðum sem staðsett eru í nálægð við þekkt rækjusvæði. Matvælastofnun telur slíka mótvægisáðgerð bæði skynsamlega og nauðsynlega til að gæta allra varúðarsjónarmiða gagnvart vistkerfi Ísafjarðardjúps. Þá er rétt að benda á að laxa- og fiskilús eru tilkynningarskyld samkvæmt reglugerð nr. 52/2014 um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma. Verði sjókvíaeldisstöð vör við vaxandi lúsasmit skal það tilkynnt Matvælastofnun sem í kjölfarið metur og ákvarðar viðbrögð út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með faglegri aðkomu fisksjúkdómanefndar og Hafrannsóknastofnunar. Matvælastofnun telur áhrif fiskeldis á rækjuveiðar verði óveruleg en geti orðið nokkuð neikvæð ef veiðanlegur hluti stofnsins heldur sig nærri fyrirhuguðum eldissvæðum en þó afturkræf verði eldi hætt.

2.7 Hlunnindanyttjar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að umtalsvert æðarvarp sé í Vigur sem sé næst fyrirhuguðu eldi Háafells og að framkvæmdaraðila þykir sjálfsagt að halda truflandi starfsemi þar í algjöru lágmarki á þeim tíma sem friðun æðarvarps gildi, á tímabilinu 15. apríl til 14. júlí ár hvert. Háafell telur jafnframt ólíklegt að hagsmunarárekstrar muni verða við eigendur æðarvarps þar sem sambúð æðarfugla og sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi hefur verið jákvæð þar sem fuglinn komi reglulega að kvíunum og éti krækling af festingum. Skipulagsstofnun telur ólíklegt að fyrirhugað fiskeldi í Skötufirði, sem næst er Vigur, muni trufla æðarvarp í eyjunni. Þar sem um er að ræða kynslóðaskipt eldi þar sem eldissvæðin eru hvíld til skiptis verða áhrifin breytileg eftir því hvaða eldissvæði verða í notkun og staðsetningu eldiskvíanna innan eldissvæðanna hverju sinni. Matvælastofnun telur því áhrif fiskeldis á æðarvarp og önnur hlunnindi óveruleg.

2.8 Efnistaka

Fram kemur í álitum Skipulagsstofnunar að Íslenska kalkþörungafélagið stefni að efnisnámi í nágrenni fyrirhugaðs eldissvæðis Háafells en stofnunin telur litlar líkur á að fyrirhugað sjókvíaeldi hafi áhrif á hugsanlegt kalkþörunganámi í Ísafjarðardjúpi. Grugg frá efnistöku geti haft áhrif á eldisfisk í sjókvíum en óljóst sé hversu langt gruggið berist frá upptökum. Þá hefur Íslenska kalkþörungafélagið stundað kalkþörunganámi í nágrenni við sjókvíaeldi í Arnarfirði og Skipulagsstofnun er ekki kunnugt um að vandamál hafi komið upp í Arnarfirði vegna nálægðar kalkþörungánámsins

og fiskeldis. Háafell hefur lagt fram tillögu að lausn á samnýtingu svæðanna sem felist í að fyrirtækin samræmi starfsemi sína að því leyti að efnistaka fari fram á svæðum sem séu hvað lengst í burtu frá kvíum með fiski í. Matvælastofnun telur því áhrif kalkþörunganáms á sjókvíaeldi óveruleg.

2.9 Ásýnd, ferðapjónusta og útivist

Skipulagsstofnun telur að megin áhrif framkvæmdarinnar á ferðamenn verði á upplifun þeirra á landslagi svæðisins. Sjókvíar eru umfangsmikil mannvirki og kvíar í sjó koma til með að breyta ásýnd fjarða og ímynd um lítt eða ósnortna náttúru. Stofnunin telur því áhrif á ásýnd verði talsvert neikvæð en afturkræf ef eldi verði hætt því þá muni mannvirki verða fjarlægð. Háafell er með rekstrarleyfi fyrir allt að 7.000 tonna hámarkslífmassa á 17 eldissvæðum víða í Ísafjarðardjúpi sem fellur úr gildi við gildistöku þessara rekstrarleyfa. Með útgáfu þessara rekstrarleyfa verður leyfi fyrir allt að 6.800 tonna hámarkslífmassa á 10 eldissvæðum. Matvælastofnun telur því að framkvæmdin muni vera nokkuð neikvæð en tímabundin og afturkræf. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun að leyfa sjókvíaeldi við Íslandsstrendur m.a. til að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu slíks eldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Sjókvíaeldi takmarkast samkvæmt, auglýsingu 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. Salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði á Vestfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásýnd.

2.10 Samfélag

Skipulagsstofnun metur það svo að uppbygging fiskeldis í Ísafjarðardjúpi muni fjölga atvinnutækifærum á svæðinu. Uppbygging fiskeldis kalli á aðflutning fólks til að manna störf í fiskeldi og þau störf sem kunni að losna vegna tilfærslu fólks í fiskeldi úr öðrum störfum. Skipulagsstofnun telur að m.t.t. könnunar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á viðhorfi ferðamanna til fiskeldis sé ólíklegt að fyrirhugað fiskeldi Háafells eitt og sér valdi fækkun ferðamanna á svæðinu eða fækkun starfa í ferðapjónustu. Matvælastofnun tekur undir þessar ályktanir Skipulagsstofnunar.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps þann 19. janúar 2021.

Ísafjarðarbær ákvað á sveitarstjórnarfundi, þann 9. febrúar 2021, að veita ekki umsögn.

Sveitarstjórn Súðavíkurrepps bókaði á aukafundi sem haldin var 1. mars 2021 að Sveitastjórn Súðavíkurrepps legðist gegn öllu kvíaeldi sem staðsett yrði í siglingarleið inn Álftafjörðinn svo og á skilgreindu yfirráðasvæði Súðavíkurhafnar.

Matvælastofnun aflaði upplýsinga frá Landhelgisgæslunni um siglingaleiðir í Álftafirði. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum munu umræddar eldiskvíar ekki hafa neikvæð áhrif á siglingaleiðir inn og út úr Álftafirði. Hins vegar hefur umsækjandi lýst því yfir að ekki verði gerðar athugasemdir við að eldissvæði verði minnkuð til að koma til móts við sjónarmið Súðavíkurrepps. Fyrir liggur að umsækjandi hefur nú þegar heimild til eldis á svæðinu. Ekki er um að ræða ný eldissvæði og breytingar á umhverfi hafnarsvæðis eru óverulegar. Þvert á móti mun við útgáfu nýs rekstrarleyfis eldissvæðum umsækjenda í Álftafirði fækka úr þremur í eitt. Til að koma á móts við sjónarmið Súðavíkurrepps verður eldissvæðið í Álftafirði minnkað.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 10. febrúar 2021, kemur fram að stofnunin telji að komi til sleppinga á frjóum eldislaxi sé hætta á neikvæðum erfðafræðiáhrifum á villta íslenska laxa. Jafnframt að ekki sé hætta á því að erfðafræðiáhrif hljóti af sleppi ófrjó lax. Hafrannsóknarstofnun bendir á að allt að fjögur ótengd eldisfyrirtæki séu með umsóknir um fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Fari allar þessar framkvæmdir í gegn með þeim staðsetningum sem sótt

er um, en í mörgum tilfellum eru fjarlægðir milli eldissvæða óskyldra aðila minni en 5 km, verði auknar líkur á vandamálum vegna samlegðaráhrifa m.t.t. sjúkdóma, fiski- og laxalúsar.

Við útgáfu rekstrarleyfisins mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat og áhættumat Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Með því að stunda sjókvíeldi sem rúmast innan áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra. Hvað varðar vöktun á eldisfiski og sýnatöku þá vinna stofnunin og rekstrarleyfishafar samkvæmt reglugerð 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum. Í 6. gr. sömu reglugerðar kemur fram að eftirlit með sníkjudýrum skuli vera áhættumiðað. Í rekstrarleyfi Matvælastofnunar eru sett skilyrði um að rekstrarleyfið sé bundið við yfirlýsingu leyfishafa um að hann viðhafi í tilvikum þar sem eldi er stundað samhliða eldi annarra aðila, samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Að auki er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Slík ráðstöfun er mikilvægur þáttur í að tryggja a.m.k. 90 daga hvíldartíma svæða m.t.t. þekktra sjúkdómsvalda.

Umsögn barst ekki frá Fiskistofu.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá fimm aðilum á auglýsingartíma. Athugasemdirnar voru frá Halldóri Halldórssyni f.h. Íslenska kalkþörungafélagsins, Arnarlax ehf., Náttúruverndarsamtökum Íslands, Náttúruverndarfélagins Laxinn lifir og Árna Árdal Ólafssyni.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verksviði Matvælastofnunar.

Halldór Halldórsson f.h. Íslenska Kalkþörungafélagsins sendi inn athugasemdir þann 10. mars 2021

- Vakin er athygli á því að félagið er með áform uppi um kalkþörunganáms á svæðinu milli Æðeyjar og Kaldalóns í Ísafjarðardjúpi. Hluti þess svæðis sé undir Bæjarhlíð í námunda við eldissvæði Háafells ehf. Halldór telur að starfsemi beggja aðila geti rúmast fyrir á þessu svæði, en að reikna þurfi með því og að aðilar þurfi að taka tillit til hvors annars.

Matvælastofnun er kunnugt um fyrirhugað kalkþörunganáms Íslenska kalkþörungafélagsins í Ísafjarðardjúpi. Háafell hefur hliðrað til eldissvæðum til þess að koma til móts við áform Íslenska kalkþörungafélagsins og hefur jafnframt lagt fram tillögur að lausn á samnýtingu svæðanna sem um ræðir. Þær tillögur felast í því að fyrirtækin samræmi starfsemi sína að því leyti að efnistaka fari fram á svæðum sem séu hvað lengst í burtu frá kvíum með fiski í. Matvælastofnun telur litlar líkur á að fyrirhugað sjókvíaeldi hafi áhrif á hugsanlegt kalkþörunganáms í Ísafjarðardjúpi. Góð reynsla hefur verið að slíku sambýli í Arnarfirði undanfarin ár.

Arnarlax ehf. sendi inn athugasemdir þann 30. mars 2021

- **Gerð er athugasemd við að ólögmeða málsmeðferð Skipulagsstofnunar við útgáfu álits um matskýrslu Háafells.**

Í athugasemd er vísað til rannsóknarskyldu Matvælastofnunar sbr. 10. gr. laga nr. 37/1993, þess efnis að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin og að stofnuninni beri skylda til að rannsaka málsmeðferð Skipulagsstofnunar og hvort hún hafi verið lögum samkvæmt, sbr. niðurstaða Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál í máli nr. 5/2018.

Matvælastofnun óskaði í kjölfar erindis frá Arnarlax dags. 9. mars 2021 eftir upplýsingum frá Skipulagsstofnun varðandi málsmeðferð matsskýrsla um sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi. Þá var óskað eftir sjónarmiðum stofnunarinnar varðandi fullyrðinga þess efnis að málsmeðferð hjá stofnuninni hafi verið verið annmörkum háð og sé ólögmat. Í svari Skipulagsstofnunar er rakið hvernig málsmeðferð skv. lögum nr. 106/2000 var háttað og telur Matvælastofnun að með þeim upplýsingum sem fram hafa komið að skylda stofnunarinnar til að rannsaka þennan þátt málsins, sbr. 10. gr. laga nr. 37/2013, sé uppfyllt og að rannsóknin hafi ekki leitt í ljós verulega annmarka á málsmeðferð Skipulagsstofnunar. Matvælastofnun mun því við ákvörðun sína varðandi útgáfu rekstrarleyfis til Háafells styðjast við fyrirbyggjandi málsmeðferð Skipulagsstofnunar og álits stofnunarinnar frá 22. desember 2020.

- **Arnarlax ehf. gerir athugasemd um að hámarkslífmassi á frjóum og ófrjóum laxi sé ekki tilgreindur.**

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga um fiskeldi skal Matvælastofnun gefa út aðskilin rekstrarleyfi ef fyrirhugað er að stunda eldi á bæði frjóum og ófrjóum laxi. Fyrir liggur að rekstrarleyfishafi hyggst gera slíkt. Ekki er kveðið á um í lögum eða reglugerð um fiskeldi að hlutfallsleg skipting hvors leyfis fyrir sig þurfi að vera til staðar og því getur leyfishafi stýrt framleiðslu sinni allt eftir aðstæðum, með þeim fyrirvara að samanlagður hámarkslífmassi eldisins fari ekki yfir 6.800 tonn á hverjum tíma. Þá verður fyrirtækið að hlíta öðrum ákvæðum varðandi nýtingu rekstrarleyfisins og hugsanlegar breytingar sem kunna að verða vegna útgáfu á nýju burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar. Matvælastofnun telur þau ákvæði sem nefnd eru í athugasemdum varðandi nýtingu, hugsanlegar breytingar á lífmassa eða gjöld í umhverfissjóð breyti ekki nokkru þar um. Ákvörðun um útgáfu tveggja rekstrarleyfa fyrir hámarkslífmassa upp á 6.800 tonn þar sem ekki er tilgreindur hámarkslífmassi í hvoru leyfi fyrir sig er ekki í andstöðu við efni og markmið og laganna og mun ekki aftra stofnunina við framfylgt þeirra.

- **Úthlutun lífmassa fyrir frjóan lax í Ísafjarðardjúpi.**

Í athugasemd segir að bagalegt sé að ekki liggja fyrir skýr skrifleg afstaða um úthlutun frjós og/eða ófrjós lax verði háttað í samræmi við áhættumat erfðablöndunar og að miða eigi úthlutun og nýtingu lífmassa milli umsækjanda á svæðinu við hlutfallsreglu.

Eins og vikið er að hér að ofan hefur leyfishafi í gegnum eldisáætlanir sínar hvernig samþætting leyfanna verður um magn frjós og ófrjós lax hverju sinni og kann að þurfa að hlíta breytingum á leyfum ef skilyrði laga og reglugerða eru ekki uppfyllt sem og ef aðrar breytingar koma til.

Rekstrarleyfi til Háafells er úthlutað samkvæmt bráðabirgðarákvæði II laga um fiskeldi, þ.e. um umferð og afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaelði á hafsvæðum sem metin höfðu verið til burðarþols og þar sem málsmeðferð skv. lögum nr. 106/2000 var lokið fyrir gildistöku ákvæðisins eða frummatsskýrslu hafði verið skilað fyrir gildistöku ákvæðisins til Skipulagsstofnunar skv. 9. gr. laga nr. 106/2000. Um forgang umsókna fer því skv. þágildandi 1. mgr. 9. gr. laga um fiskeldi. Þar segir að umsóknir um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaelði á sama sjókvíaelðissvæði skuli afgreiddar í þeirri röð sem þær berast Matvælastofnun, enda fullnægi umsókn skilyrðum laga þessara.

Af þeim sökum getur ekki komið til hlutfallsleg skipting eins og vísað er til í athugasemdum, þ.e. að allir umsækjendur sem eru með umsóknir vegna eldis á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi fái heimild til að ala frjóan lax í hlutfalli leyfislegs heildarlífmassa rekstrarleyfi af heimiluð burðarþoli fjarðarins.

- **Misræmi milli tillagna Matvælastofnunar að rekstrarleyfum**

Í þessari athugasemd er vikið að orðalagi rekstrarleyfis nr. FE1171b þar sem talað er um eldi frjórna laxa. Þar sem rekstrarleyfi nr. FE1171b nær eingöngu til ófrjórna laxa er athugasemd þessi talin réttmæt, enda er þar um handvömm við ritvinnslu að ræða. Í útgefnu rekstrarleyfi FE1171b verður þessi handvömm leiðrétt.

- **Gerð er athugasemd við það að breyting hafi verið gerð á frummatsskýrslu sem ekki hafi verið auglýst í samræmi við lög.**

Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, er skipulagsstofnun skylt að auglýsa matsskýrslu að nýju ef það er mat stofnunarinnar að matskýrsla framkvæmdaraðila víki frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins.

Þeir þættir matskýrslu sem voru frábrugðnir frummatsskýrslu geta ekki talist svo veigamiklir að þeir teljist veigamiklir í skilningi nefnds ákvæðis. Um er að ræða tilfærslu aðal- og varasvæða innan sama eldissvæðis. Það er mat Matvælastofnunar að frummatsskýrslan lýsi framkvæmdinni í öllum aðalatriðum.

- **Gerð er athugasemd við það að valkostagreining í matsskýrslu Háafells sé ófullnægjandi.**

Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að umfjöllun matsskýrslu um aðra valkosti er málefnalega og fullnægjandi. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið Skipulagsstofnunar og telur að umfjöllun rekstrarleyfishafa vegna valkostagreiningar sé í samræmi við lög nr. 106/2000. Þannig hefur rekstrarleyfishafi gert grein fyrir helstu möguleikum sem kannaðir hafa verið og til greina koma. Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var fjallað ítarlega um eftirfarandi valkosti: núllkost, landeldi, lokaðar sjókvíar, staðsetning kvía, umfang eldis, eldisferill, eldistegund, eldi frjós lax allt að 6.800 tonn og eldi ófrjós lax allt að 6.800 tonn.

- **Gerð er athugasemd við það að áhættumat og burðarþolsmat sem vísað er til í matsskýrslu Háafells hafi ekki hlotið málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 105/2006.**

Athugasemdin snýr að því að forsendur matskýrslu leyfisumsækjanda séu fyrirbyggjandi burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar og áhættumat erfðablöndunnar sem unnið er af sömu stofnun.

Í gildi er burðarþolsmat fyrir Ísafjarðardjúp og áhættumat Hafrannsóknar vegna áhættu erfðablöndunnar, auglýsing nr. 562/2020. Matvælastofnun hefur við útgáfu rekstrarleyfa notast við burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar við útgáfu rekstrarleyfa eftir því sem slík mót hafa legið fyrir.

Útgáfa rekstrarleyfis er stjórnvaldsákvörðun á ábyrgð Matvælastofnunar. Við töku ákvarðana er stofnunin bundinn af stjórnáskilum nr. 37/1993, þ.m.t. ákvæðum III. kafla. Þar til ákvörðun lögbærs stjórnvalds um að umrædd mót séu háð mati á umhverfisáhrifum liggur fyrir mun Matvælastofnun ekki mismuna umsækjendum um rekstrarleyfi eða fresta útgáfu leyfa. Matvælastofnun er ekki þess bær aðili að kveða upp um hvort aðurnefnd mót falli undir gildissvið laga nr. 105/2006 sbr. 3. mgr. 3. gr. sömu laga.

Burðarþolsmatið er vísindaleg nálgun til að meta þol fjarða og hafsvæða til að taka á móti lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríki. Burðarþolsmatið er lifandi plagg, þ.e. matið byggir á aðstæðum hverju sinni og þarf nákvæm vöktun að fara fram á áhrifum eldisins samhliða því. Vöktunin er forsenda fyrir endurmati á burðarþoli viðkomandi svæðis til hækunar eða lækkunar þegar fram líða stundir og byggir eins og áður segir á raungögnum sem fást þegar eldi er hafið og hvernig samspil þess er við aðstæður á hverjum stað. Hafrannsóknastofnun hefur í burðarþolsmötum sínum upplýst:

„að endanleg burðarþolsmörk fyrir ákveðna firði eða svæði verða seint gefið út enda hefur slíkt varla verið gert í nágrannalöndunum, heldur er alltaf tekið með í reikninginn hvaða staðsetningar og hvers konar eldi er um að ræða og fara umhverfisáhrifin eftir báðum þessum þáttum. Því má búast við að burðarþol fjarða og annarra eldissvæða verði endurmetið á næstu árum ef þörf krefur.“ umhverfisáhrifin eftir báðum þessum þáttum. Því má búast við að burðarþol fjarða og annarra eldissvæða verði endurmetið á næstu árum ef þörf krefur.“

Áhættumat erfðablöndunar er með sama hætti vísindaleg nálgun á mati á því magni frjórna eldislaxa sem strjúka úr eldi í sjó og vænta má að komi í ár þar sem villta laxastofna er að finna og metið er að erfðablöndun eldislax við villta nytjastofna, að teknu tilliti til mótsvægisáðgerða, verði það mikil að arfgerð villtra stofna breytist og valdi versnandi

hæfni stofngerða þeirra. Áhættumatið er jafnframt lifandi plagg og tekur breytingum miðað að breytingar og þekkingu á þeim forsendum sem matið byggir á hverju sinni. Til að bæta nákvæmni matsins og til að fylgjast með áhrifum fiskeldis á villta stofna, með hugsanlegum breytingum á magni sem talið er óhætt að framleiða mun Hafrannsóknastofnun afla gagna sem hafa áhrif á lykilbreytur sbr. auglýsing nr. 562/2020. Þannig mun Hafrannsóknastofnun afla gagna frá fiskeldisfyrirtækjum, vakta ár, stunda rannsóknir og greiningar sem og taka tilliti til mótvægisáðgerða fiskeldisfyrirtækja.

Þrátt fyrir þessa athugasemd getur stofnunin ekki með vísan til fyrri framkvæmdar, eðli þessara mata sem og þeirrar staðreyndar að engin ákvörðun lögbærs aðila liggur fyrir um hvort þau falli undir gildissvið laganna, fallist á að burðarþolsmat og áhættumat Hafrannsóknastofnunar sem fjalla um vísindalega nálgun á áhrifum af fiskeldi og hvort og þá hvernig hægt er að takmarka hugsanleg áhrif þess á umhverfi, hindra spjöll á villtum nytjastofnun og vistkerfum út frá tilteknum forsendum sem eru breytingum háðar séu áætlanir sbr. lög nr. 105/2006.

Þá verður einnig að líta til þess að í útgefnu rekstrarleyfi er tekið sérstaklega fram að, heimilt sé að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknarstofnunnar.

- **Gerð er athugasemd við það að efni hinna auglýstu tillagna sé ekki í samræmi við álit Skipulagsstofnunar, m.a. skilyrði um 150 gr. lágmarksstærð seiða.**

Athugasemd þessi er réttmæt og verður tekið tillit til hennar við útgáfu rekstrarleyfis.

- **Gerð er athugasemd við það að auglýst tillaga sé ekki í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi.**

Ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfisins byggir á lögum um fiskeldi, þar með talið bráðabirgðarákvæði II meðferð og afgreiðsla umsóknar um rekstrarleyfi var í samræmi við ákvæði laganna eins og þau stóðu eftir að þeim var breytt með lögum nr. 101/2019. Um almenn rekstrarleyfisskilyrði, hvort heldur sem er til réttinda eða skyldna, þar með talið gildistími, gilda lög og reglugerðir á þeim tíma sem rekstrarleyfi er gefið út.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfa FE-1171a og FE-1171b til Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfin heimila 6.800 tonna hámarkslífmassa af frjóum og ófrjóum laxi í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfin ná til kynslóðaskipts sjókvíeldis í Ísafjarðardjúpi á tíu staðsetningum. Sjókvíaeldissvæði A innheldur eldissvæðin Álftafjörð, Innra Kofradýpi, Ytra Kofradýpi og Seyðisfjörð. Sjókvíaeldissvæði B inniheldur eldissvæðin Bæjarhlíð og Kaldalón. Sjókvíaeldissvæði C inniheldur eldissvæðin Biskupsvík, Hamar og Vatnsfjarðarnes. Sjókvíaeldissvæði D inniheldur eldissvæðið Skötufjörð. Ekki er heimilt að vera með frjóan lax á sjókvíaeldissvæðum B og C.

Rekstrarleyfin byggja á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfin taka gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskirteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfa þessa fellur 7.000 tonna rekstrarleyfi FE-1106 úr gildi. Þá afhendir stofnunin jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 25. júní 2037.

Selfossi, 25. júní 2021